

22
16. febr.

4. gr.

Nefnd sú, er um getur í 2. gr. laga nr. 35/1950, hefur rétt til að fá upplýsingar og skýrslur frá verðgæzlustjóra um verðlag og verðgæzlu. Hefur hún tillögurétt um þessi mál.

Verðgæzlustjóri skal mæta á fundum nefndarinnar, er hún óskar þess, til umræðu um verðlagsmál.

5. gr.

Nefndinni skulu sendar skýrslur þær um samanburð á verðlagi og gæðum innlendra og erlendra iðnaðarvара, er verðgæzlustjóri sendir ársfjórðungslega til fjárhagsráðs, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1950.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

23
16. febr.

L Ö G

um leigubifreiðar í kaupstöðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn er enn fremur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og samþykki samgöngumálaráðuneytisins, heimilt að takmarka fjölda vörubifreiða í Reykjavík. Samgöngumálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um slíka takmörkun.

Strætisvagnar og sérleyfisbifreiðar falla ekki undir ákvæði þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.